

Ed.

224. Nefndarálit

um frumvarp til laga um sölu á þjóðjörðinni Ögri og Sellóni í Stykkishólms-
hreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og mælir með, að það verði sam-
þykkt óbreytt. En hún leyfir sjer að vekja athygli á því, að mat virðingarmanna
á jörðum þeim, sem hjer er um að ræða, virðist vera alt of lágt. Jarðirnar virð-
ast hafa verið í byggingu eftir gömlum leigumála, og matið er miðað við meðal-
tal eftirgjalds síðustu 10 ár, samkvæmt gildandi lögum um þjóðjarðasölu. En
sökum nálægðar við allstórt kaптún á framfaraskeiði og þar af leiðandi vaxandi
þarfar fyrir landsnyttjar á þessum stað, hljóta jarðir þessar að hafa hækkað og
fara hækkandi í verði. Og auk þess er á það að líta, hve peningar eru nú í litlu
gildi. Virðist nefndinni því tæplega geta komið til mála að selja jarðirnar fyrir
öllu minna en 20 þús. krónur.

Alþingi, 30. júlí 1919.

Hjörtur Snorrason,
formaður.

Guðm. Ólafsson.
fundaskrifari.

Sigurjón Friðjónsson.